**Fundur háskólaráðs 31. október 2000**

**Fundargerð**
Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið
**Dagsetningar:**
Búið til: 27.10.2000 09:56:25
Dags: 31.10.2000

**Upplýsingar um viðskiptavin:**
Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

---

14/2000

# HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, þriðjudaginn 31. október var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:00.

## 1. Mál á dagskrá

1.1 Breyting á reglugerð, grein 10.
Fram var lögð tillaga rektors um breytingu á 10. grein reglugerðar dags. 30. október 2000.
Markmiðið með breytingunni er að gera skipulag stjórnsýslunnar markvissara, sveigjanlegra og opnara en það er samkvæmt eldri reglum sem og að tengja stjórnsýsluna betur deildum og stofnunum Háskólans.

Tillagan var rædd ítarlega og samþykkt einróma að óska eftir umsögn háskólafundar um hana.

Tillagan hljóðar svo:

10. gr. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans
Hlutverk sameiginlegrar stjórnsýslu er að skapa deildum, stofnunum og starfsfólki háskólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við lög og reglur háskólans. Rektor ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sameiginlegrar stjórnsýslu. Svið hinnar sameiginlegu stjórnsýslu eru: Stjórnsýslusvið, rekstrar- og framkvæmdasvið, fjárreiðusvið, starfsmannasvið, kennslusvið, rannsóknasvið og þróunar- og kynningarsvið. Rektor er heimilt að skipa fleiri en einu sviði undir einn framkvæmdastjóra og skipta sviðum í deildir eftir því sem samræmist verkefnum þeirra. Rektor setur framkvæmdastjórum og deildarstjórum erindisbréf. Þá er rektor heimilt, með samþykki háskólaráðs, að fela deildarforsetum, forstöðumönnum stofnana og formönnum starfsnefnda ábyrgð á verkefnum sem falla undir hina sameiginlegu stjórnsýslu. Með reglulegu millibili skal háskólaráð láta fara fram úttekt á starfsemi stjórnsýslu háskólans

Fleira ekki gert
Fundi slitið kl. 13:40